

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/55/EB

frá 13. júní 2002

um markaðssetningu grænmetisfræs

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽²⁾ hefur verið breytt oft og verulega að því varðar efnisatriði ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal téðri tilskipun af þeim sökum steypt saman í einn texta.
- 2) Framleiðsla á grænmetisfræi er mikilvæg grein landbúnaðar í bandalaginu.
- 3) Viðunandi árangur í ræktun grænmetis veltur að miklu leyti á því að notað sé rétt fræ.
- 4) Meiri framleiðni næðist í grænmetisrækt bandalagsins ef aðildarríkin beittu samræmdum reglum, sem væru eins strangar og unnt er, við val á yrkjum sem samþykkt eru til markaðssetningar.
- 5) Taka þarf saman sameiginlega skrá yfir yrki grænmetistegunda. Skrána er einungis hægt að taka saman með því að styðjast við innlendar skrár.
- 6) Öll aðildarríkin ættu því að taka saman eina eða fleiri innlendar skrár yfir yrki sem samþykkt eru til vottunar, skoðunar og markaðssetningar á yfirráðasvæði þeirra.
- 7) Fara verður eftir samræmdum reglum við gerð skrána til að samþykktu yrkin verði aðgreinanleg, stöðug og nægilega einsleit.

- 8) Taka ber tillit til reglna sem komið hefur verið á alþjóðavettvangi að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samþykki á yrkjum í einstökum ríkjum.
- 9) Til að athuganir geti farið fram áður en yrki fæst samþykkt er nauðsynlegt að mæla fyrir um fjölmargar samræmdar viðmiðanir og lágmarkskröfur.
- 10) Staðla ber ákvæði um hversu lengi samþykki fyrir yrki á að vera í gildi, ástæður fyrir því að hægt er að nema samþykki úr gildi og um reglur um viðhald yrkis. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um samþykki og afturköllun yrkja.
- 11) Æskilegt er að samþykkja reglur í tengslum við heppi-legal nafngiftir á yrkjum og um upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna.
- 12) Fræ yrkja, sem skráð eru í sameiginlega skrá yfir yrki, ættu ekki að vera háð neins konar markaðshindrunum í bandalaginu með tilliti til yrkis.
- 13) Að auki ætti að veita aðildarríkjunum rétt til að bera fram andmæli gegn yrki.
- 14) Framkvæmdastjórnin ætti að birta í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* heiti þeirra yrkja sem eru tekin inn í sameiginlegu skrána.
- 15) Kveða skal á um ráðstafanir til að viðurkenna jafngildi athugana og eftirlits með yrkjum sem fram fara í þriðju löndum.
- 16) Vegna framfara í vísindum og tækni er nú unnt að rækta yrki með breytingum á erfðaeftni. Þegar aðildarríkin ákveða hvort þau eigi að samþykkja erfðabreytt yrki, í skilningi tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið ⁽⁴⁾, skulu þau taka tillit til þeirrar hættu sem það getur haft í för með sér að sleppa þeim út í umhverfið. Enn fremur skal ákvarða þau skilyrði sem eru fyrir því að slík erfðabreytt yrki verði samþykkt.

⁽¹⁾ Áliti var skilað 9. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2. 1999, bls. 27).

⁽³⁾ Sjá A-hluta í VI. viðauka.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipunin var felld niður með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

- 17) Reglur um markaðssetningu nýrra matvæla og nýrra innihaldsefna í matvælum eru settar á vettvangi bandalagsins með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽¹⁾. Þess vegna ber aðildarríkjunum einnig að taka tillit til hvers konar heilsufarsáhættu í tengslum við matvæli þegar ákvörðun er tekin um hvort samþykkinga skuli yrki. Enn fremur skal ákvarða með hvaða skilyrðum þessi yrki verða samþykkt.
- 18) Í ljósi framfara í vísindum og tækni er rétt að setja reglur í tengslum við samþykki á efnafræðilega meðhöndluðu fræi og fjölgunarefni.
- 19) Almenn regla ætti að vera að leyfa einungis markaðssetningu grænmetisfræs sem hefur verið opinberlega skoðað og vottað í samræmi við vottunarreglur sem stofnfræ eða vottað fræ. Með ákveðnum skilyrðum á að vera hægt að setja á markað kynbætt fræ ætliða sem eru undanfari stofnfræs og ómeðhöndlaðs fræs.
- 20) Ógerlegt er að takmarka markaðssetningu vottaðs fræs að því er varðar tiltekna tegundir grænmetis. Því ætti að leyfa markaðssetningu á stöðluðu fræi sem hefur verið skoðað og skal enn fremur vera ósvikið og hreint, þó með þeim fyrirvara að það standist opinbera eftirkönnun á akri sem felst í sýnatöku.
- 21) Til að bæta gæði grænmetisfræs í bandalaginu er nauðsynlegt að mæla fyrir um ákveðnar kröfur um lágmarkshreinleika og -spírunarhæfni.
- 22) Til að tryggja að fræ sé ósvikið skal setja reglur í bandalaginu um sýnatöku, umbúðir, innsiglingu og merkingu. Æskilegt er að kveðið verði á um opinbera forkönnun vottaðs fræs og mæla skal fyrir um skyldur þeirra einstaklinga sem markaðssetja staðlað fræ og vottað fræ í litlum pakkningum.
- 23) Setja skal reglur um markaðsetningu efnafræðilega meðhöndlaðs fræs og fræs, sem hentar við lífræna ræktun, og einnig um varðveislu yrkja sem eru í hættu vegna erfðatæringar sem stafar af notkun á staðnum.
- 24) Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. sáttmálans skal veita undanþágur með tilteknum skilyrðum. Aðildarríki, sem nýta sér undanþágur, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.
- 25) Aðildarríkin skulu setja ákvæði um viðeigandi eftirlitskerfi til að tryggja að við markaðssetningu verði bæði farið að kröfum um gæði fræs og ákvæðum sem tryggja að fræið sé ósvikið.
- 26) Með fyrirvara um 30. gr. sáttmálans skal fræ, sem fullnægir þessum kröfum, ekki sæta neinum takmörkunum sem varða markaðssetningu, öðrum en þeim sem kveðið er á um í reglum bandalagsins.
- 27) Með fyrirvara um sérstök skilyrði skal votta fræ, sem fjölgað er í öðru landi af stofnfræi sem hefur verið vottað í aðildarríki, eins og fræ sem hefur verið fjölgað í því aðildarríki.
- 28) Setja skal ákvæði um að markaðssetning innan bandalagsins á grænmetisfræi, sem er uppskorið í þriðju löndum, sé einungis heimil ef fræið uppfyllir sömu kröfur og fræ sem er opinberlega vottað eða markaðssett í bandalaginu og samræmist reglum þess.
- 29) Á tímum, þegar erfitt er að afla vottaðs fræs úr einhverjum flokkanna eða staðlaðs fræs, ber að leyfa tímabundna markaðssetningu fræs, sem vægari kröfur gilda um, og einnig fræs af yrkjum sem ekki eru skráð í sameiginlegu skrána yfir yrki eða innlendu skrána yfir yrki.
- 30) Til að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og eftirlit aðildarríkjanna og til að unnt sé að bera saman fræ, sem er vottað í bandalaginu, og fræ frá þriðju löndum ætti að láta fara fram samanburðarprófanir í aðildarríkjum svo að fram geti farið árleg eftirkönnun á fræi í flokknum „stofnfræ“ og fræi í flokkunum „vottað fræ“ og „staðlað fræ“.
- 31) Reglur bandalagsins skulu ekki gilda um fræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.
- 32) Þessi tilskipun ætti að ná yfir tiltekna tegundir sem geta verið fôður- eða olíuþlöntur og einnig grænmeti. Ef ákveðnum frætegundum er að jafnaði ekki fjölgað á yfirráðasvæði aðildarríkis eða þær markaðssettar þar ætti að kveða á um að það aðildarríki þurfi ekki að beita þessari tilskipun varðandi umræddar tegundir.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

- 33) Æskilegt er að skipuleggja tímabundnar tilraunir til þess að reyna að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun.
- 34) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 35) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna um frest til lögleiðingar þeirra tilskipana sem settar eru fram í B-hluta VI. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu grænmetisfræs, sem á að setja á markað, og um markaðssetningu þess í bandalaginu.

Hún gildir ekki um grænmetisfræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „markaðssetning“: sala, birgðahald með sölu í huga, söluframboð og öll ráðstöfun, afhending eða dreifing á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending á fræi til þjónustuveitenda til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhráefni, sem er ætlað til iðnaðarnota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning, að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaryfirvaldinu í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.,

- b) „grænmeti“: plöntur eftirtalinnna tegunda, ætlaðar til ræktunar í landbúnaði eða garðyrkju, þó ekki til skrauts:

<i>Allium cepa</i> L.	Matlaukur
<i>Allium porrum</i> L.	Blaðlaukur
<i>Anthriscus cerefolium</i> (L.) Hoffm.	Garðakerfill
<i>Apium graveolens</i> L.	Selleri
<i>Asparagus officinalis</i> L.	Spergill
<i>Beta vulgaris</i> L. var. <i>vulgaris</i>	Strandblaðka
<i>Beta vulgaris</i> L. var. <i>conditiva</i>	Rauðrófa
Alef.	
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>acephala</i> (DC.) Alef. var. <i>sabellica</i> L.	Grænkál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>botrytis</i> (L.) Alef. var. <i>botrytis</i> L.	Blómkál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>botrytis</i> (L.) Alef. var. <i>cymosa</i> Duch.	Spergilkál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>oleracea</i> var. <i>gemmifera</i> DC.	Rósakál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>capitata</i> (L.) Alef. var. <i>sabauda</i> L.	Blöðrukál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>capitata</i> (L.) Alef. var. <i>alba</i> DC.	Hvítkál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>capitata</i> (L.) Alef. var. <i>rubra</i> DC.	Rauðkál
<i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>acephala</i> (DC.) Alef. var. <i>gongylodes</i> L.	Hnúðkál
<i>Brassica pekinensis</i> (Lour.) Rupr.	Kínakál
<i>Brassica rapa</i> L. var. <i>rapa</i>	Næpa
<i>Capsicum annuum</i> L.	Paprika, spænskur pipar
<i>Cichorium endivia</i> L.	Salatfífill
<i>Cichorium intybus</i> L. (partim)	Jólasalat, ítalskur kaffifífill, iðnaðarsíkoría
<i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelóna
<i>Cucumis melo</i> L.	Melóna
<i>Cucumis sativus</i> L.	Gúrka, smágúrka
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne	Risagrasker
<i>Cucurbita pepo</i> L.	Mergja
<i>Cynara cardunculus</i> L.	Salatþistill
<i>Daucus carota</i> L.	Gulrætur
<i>Foeniculum vulgare</i> Miller	Fennika
<i>Lactuca sativa</i> L.	Salat
<i>Lycopersicon lycopersicum</i> (L.) Karsten ex Farw.	Tómatar
<i>Petroselinum crispum</i> (Miller) Nyman ex A. W. Hill	Steinselja
<i>Phaseolus coccineus</i> L.	Klifurbaun
<i>Phaseolus vulgaris</i> L.	Garðbaun
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Ertur, að föðuertum undanskildum
<i>Raphanus sativus</i> L.	Hreðka
<i>Scorzonera hispanica</i> L.	Svartrót
<i>Solanum melongena</i> L.	Eggaldin
<i>Spinacia oleracea</i> L.	Spínat
<i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr.	Lambasalat
<i>Vicia faba</i> L. (partim)	Hestabaunir

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- c) „stofnfræ“: fræ
- i) sem er ræktað á ábyrgð ræktunarmanns í samræmi við viðurkenndar reglur um viðhald yrkis,
 - ii) sem er ætlað til fræframleiðslu í flokknum „vottað fræ“,
 - iii) sem uppfyllir skilyrði, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um stofnfræ, sbr. þó ákvæði 22. gr., og
 - iv) sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði,
- d) „vottað fræ“: fræ
- i) sem hefur verið framleitt beint af stofnfræi eða, krefjist ræktunarmaður þess, af fræi af ætlið á undan stofnfræinu sem getur uppfyllt og sem staðfest hefur verið með opinberri athugun að uppfylli skilyrði sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ,
 - ii) sem er einkum ætlað til ræktunar á grænmeti,
 - iii) sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um vottað fræ, sbr. þó ákvæði b-liðar 22. gr.,
 - iv) sem við opinbera athugun reynist uppfylla fyrrgreind skilyrði,
 - v) sem gengst undir opinbera eftirkönnun sem felst í gæðaeftirliti til að sannprófa hvort það er ósvikið og hreint með tilliti til yrkis,
- e) „staðlað fræ“: fræ
- i) sem er ósvikið og hreint með tilliti til yrkis,
 - ii) sem er einkum ætlað til ræktunar á grænmeti,
 - iii) sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka og
 - iv) sem gengst undir opinbera eftirkönnun sem felst í gæðaeftirliti til að sannprófa hvort það er ósvikið og hreint með tilliti til yrkis,
- f) „opinberar ráðstafanir“: ráðstafanir sem einhver eftirfarandi gerir
- i) ríkisvaldið, eða
 - ii) lögaðili á vegum ríkisins, hvort sem hann lýtur opinberum rétti eða einkarétti, eða
 - iii) eiðsvarinn einstaklingur þegar um er að ræða viðbótarstarfsemi sem einnig er undir eftirliti ríkisins,
- g) „litlar EB-pakkningar“: pakkningar sem eru að hámarksþyngd nettó
- i) 5 kg fyrir belgjurtir,
 - ii) 500 g fyrir matlauk, kerfil, spergil, strandblöðku, rauðrófur, næpur, vatnsmelónur, risagrasker, mergju, gulrætur, hreðkur, svartrót, spínat eða lambasalat,
 - iii) 100 g fyrir allar aðrar grænmetistegundir.
2. Breytingar á skránni yfir tegundir, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.
3. Hægt er að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af yrkjum, þ.m.t. þættina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 46. gr.
3. gr.
1. Aðildarríkin skulu kveða á um að grænmetisfræ megi einungis votta, sannprófa eins og staðlað fræ og markaðssetja ef yrkið hefur verið opinberlega samþykkt í einu eða fleiri aðildarríkjum.
2. Hvert aðildarríki skal útbúa eina eða fleiri skrár yfir yrki sem hafa verið opinberlega samþykkt til vottunar, sannprófunar eins og staðlað fræ og markaðssetningar á yfirráðasvæði þess. Skránni skal skipt niður eftir yrkjum og fræ af þeim:
- a) má votta annaðhvort sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ eða sannprófa sem „staðlað fræ“ og
 - b) má einungis sannprófa sem staðlað fræ.
- Hver sem er hefur aðgang að skránum.
3. Sameiginleg skrá yfir yrki grænmetistegunda skal byggjast á innlendum skráum aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr.
4. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að samþykki fyrir upptöku yrkis í sameiginlegu skrána eða í skrá annars aðildarríkis jafngildi samþykki fyrir upptöku í þeirra eigin skrár. Aðildarríki, sem setja slíkt ákvæði, skulu leyst undan þeim skuldbindingum, sem kveðið er á um í 7. gr., 4. mgr. 9. gr. og 2. til 5. mgr. 10. gr. 9. gr. (4. mgr.) og 10. gr. (2. til 5. mgr.).

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að yrki sé því aðeins samþykkt að það sé aðgreinanlegt, stöðugt og nægilega einsleitt.

Þegar um er að ræða iðnaðarsíkoríu verður yrkið að hafa fullnægjandi ræktunar- og notkunargildi.

2. Sé um að ræða erfðabreytt yrki í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE skal því aðeins samþykkja yrkið að allar viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið.

3. Ef nota á efni, sem er unnið úr plöntuyrki, sem matvæli eða sem innihaldsefni í matvæli sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 258/97 mega þessi matvæli eða innihaldsefni ekki:

— vera hættuleg fyrir neytandann,

— villa um fyrir neytandanum,

— vera svo frábrugðin matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þau eiga að koma í staðinn fyrir að venjuleg neysla þeirra sé síðri kostur fyrir neytandann í næringarlegu tilliti.

4. Til að varðveita erfðaaufhindir plantna, eins og tilgreint er í 2. mgr. 44. gr., geta aðildarríkin vikið frá viðmiðunum um samþykki sem eru settar fram í fyrstu undirgrein 1. mgr. að svo miklu leyti sem sérstök skilyrði eru sett í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 46. gr., varðandi kröfurnar í 3. mgr. 44. gr.

5. gr.

1. Yrki telst vera aðgreinanlegt, hvort sem stofnefni þess er tilbúið eða náttúrulegt, ef einn eða fleiri mikilvægir eiginleikar greina það merkjanlega frá öllum öðrum yrkjum sem þekkt eru í bandalaginu.

Eiginleikarnir skulu vera þess eðlis að unnt sé að bera nákvæm kennsl á þá og skilgreina þá nákvæmlega.

Yrki, sem þekkt er í bandalaginu, er hvert það yrki sem, á þeim tíma sem sótt er um á viðeigandi hátt um samþykki fyrir yrkinu sem meta skal:

— er annaðhvort skráð í sameiginlegu skrána yfir yrki grænmetistegunda eða í sameiginlegu skrána yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði, eða

— hefur, án þess að vera skráð í aðra hvora skrána, verið samþykkt eða lagt fram til samþykkis í hlutaðeigandi aðildarríki, annaðhvort til vottunar og markaðssetningar eða vottunar með tilliti til annarra landa eða til sannprófunar sem staðlað fræ,

nema fyrrgreind skilyrði hafi ekki lengur verið uppfyllt í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum áður en tekin var ákvörðun um umsókn um samþykki fyrir yrkinu sem á að meta.

2. Yrki telst vera stöðugt ef það samræmist enn lýsingunni á grundvallareiginleikum sínum að lokinni endurtekinni fjölgun eða í lok hvers skeiðs (hafi ræktunarmaðurinn skilgreint sérstakt fjölgunarskeið).

3. Yrki telst vera nægilega einsleitt ef plönturnar, sem það er ræktað af, með örfáum frávikum og með hliðsjón af fjölgunarkerfi plantnanna, eru svipaðar eða eins frá erfðafræðilegu sjónarmiði að því er varðar þá eiginleika í heild sinni sem skoðaðir eru í þessu skyni.

6. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að sömu kröfur gildi um yrki frá öðrum aðildarríkjum og um innlend yrki, einkum að því er samþykktarreglur varðar.

7. gr.

1. Aðildarríki skulu kveða á um að samþykki fyrir yrki byggist á niðurstöðum opinberra athugana, einkum ræktunartilrauna er nái til nægilega margra eiginleika til að unnt sé að lýsa yrkinu. Aðferðir við að ákvarða eiginleika verða að vera nákvæmar og áreiðanlegar. Til að staðfesta að yrki sé aðgreinanlegt skal a.m.k. nota tiltæk, sambærileg yrki við ræktunartilraunirnar sem þekkt eru í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr. Nota skal önnur tiltæk, sambærileg yrki við beitingu ákvæða 9. gr. Þegar um er að ræða fræ yrkja sem eingöngu er unnt að sannprófa sem staðlað fræ má taka tillit til niðurstaðna úr óopinberum athugunum og þekkingar, sem hefur fengist af ræktun, í tengslum við niðurstöður opinberrar athugunar.

Leyfilegt er að fyrirskipa, í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 46. gr., að frá tilteknum dagsetningum verði yrki ákveðinna grænmetistegunda ekki lengur samþykkt nema á grundvelli opinberra prófana.

2. Ákvarða skal eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr., og með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum:

a) eiginleika sem lágmarksathuganir á mismunandi tegundum yrkja eiga að taka til,

b) lágmarkskröfur um framkvæmd athuganna.

3. Þegar athugun á erfðabundnum þáttum er nauðsynleg fyrir rannsókn á blendingum og tilbúnum yrkjum skulu aðildarríkin tryggja að farið sé með niðurstöður athugana og lýsingu erfðabundinna þátta sem trúnaðarmál ef ræktunarmaðurinn fer fram á það.

4. a) Ef um er að ræða erfðabreytt yrki sem um getur í 4. mgr. 4. gr. skal vinna mat á umhverfshættu sem jafngildir matinu sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE.
- b) Málsmeðferð til að tryggja, að matið á umhverfshættu og aðrir viðeigandi umhverfshættir jafngildi því sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE, skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, tekin upp í reglugerð ráðsins og byggjast á viðeigandi laga-grundvelli í sáttmálanum. Þar til þessi reglugerð öðlast gildi skal því aðeins samþykkja að erfðabreytt yrki séu tekin inn í innlenda tegundaskrá að markaðssetning þeirra hafi verið samþykkt í samræmi við tilskipun 90/220/EBE.
- c) Ákvæði 11. til 18. gr. tilskipunar 90/220/EBE gilda ekki um erfðabreytt yrki eftir gildistöku reglugerðarinnar sem um getur í b-lið hér að framan.
- d) Einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi framkvæmd mats á umhverfshættu skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr.
5. a) Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrki, sem nota á í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í þessari grein, sé ekki samþykkt nema:
- matvælin eða innihaldsefni þeirra hafi þegar verið leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, eða
 - ákvarðanir um leyfi, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 258/97, séu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.
- b) Í því tilviki, sem mælt er fyrir um í öðrum undirlið a-liðar, skal taka tillit til viðmiðananna, sem settar eru fram í 5. mgr. 4. gr., og meginreglnanna um mat sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 258/97.
- c) Einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í b-lið, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

8. gr.

Þegar lögð er fram umsókn um samþykki fyrir yrki skulu aðildarríkin krefjast þess að umsækjandinn tilgreini hvort sótt hafi verið um samþykki í öðru aðildarríki, hvaða aðildarríki hafi átt hlut að máli og hvort samþykki hafi fengist.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birt verði opinberlega skrá yfir yrki, sem eru samþykkt á yfirráðasvæði þeirra, og nafn einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á viðhaldi yrkisins, hver í sínu landi. Beri nokkrir einstaklingar

ábyrgð á viðhaldi yrkis er ekki nauðsynlegt að birta nöfn þeirra. Ef nöfnin eru ekki birt skal koma fram í skránni hvaða yfirvald hefur undir höndum lista með nöfnum þeirra sem bera ábyrgð á viðhaldi yrkisins.

2. Þegar samþykki er veitt skulu aðildarríkin tryggja, eftir því sem unnt er, að yrkið þekkist undir sama heiti í öllum aðildarríkjum.

Ef vitað er að fræ eða fjölgunarefni tiltekins yrkis er markaðssett í öðru landi undir öðru heiti skal það heiti einnig tilgreint í skránni.

Þegar um er að ræða yrki sem sáð er til með yrkjum sem hafa verið opinberlega samþykkt samkvæmt annarri og þriðju undirgrein 3. mgr. 12. gr. og sem hafa verið samþykkt í einu eða fleiri aðildarríkjum vegna opinberra ráðstafana sem um getur í því ákvæði, má ákvarða í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 46. gr. að öll aðildarríkin, sem veitt hafa samþykki, tryggi að yrkin beri heiti sem eru ákvörðuð samkvæmt sömu málsmeðferð og uppfylli framangreindar meginreglur.

3. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum skulu aðildarríkin einnig sjá til þess að yrki, sem er ekki merkjanlega aðgreinanlegt:

- frá yrki sem hefur áður verið samþykkt í hlutaðeigandi aðildarríki eða í öðru aðildarríki, eða
- frá öðru yrki sem hefur verið metið með tilliti til aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni í samræmi við reglur sem svara til reglnanna í þessari tilskipun, án þess þó að vera yrki sem þekkt er í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr.,

beri heiti þess yrkis. Þetta ákvæði gildir ekki ef hætt er við því að heitið valdi misskilningi eða ruglingi að því er varðar umrætt yrki eða, í samræmi við öll ákvæði hlutaðeigandi aðildarríkis um heiti yrkis, aðrar ástæður koma í veg fyrir notkun heitisins eða réttur þriðja aðila kemur í veg fyrir frjálsa notkun þess í sambandi við umrætt yrki.

4. Aðildarríkin skulu taka saman sérstaka skjalaskrá um hvert samþykkt yrki þar sem kemur fram lýsing á yrkinu og skýrt yfirlit yfir allar staðreyndir sem samþykkið byggðist á. Lýsing á yrkjum skal lúta að plöntum sem sáð er til með fræi og fjölgunarefni í flokknum „vottað fræ“ eða flokknum „staðlað fræ“.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að erfðabreytt yrki, sem hafa verið samþykkt, séu greinilega merkt sem slík í yrkjaskránni. Þau skulu enn fremur sjá til þess að hver sá

sem markaðssetur slíkt yrki tiltaki greinilega í söluskrá sinni að það sé erfðabreytt.

6. Að því er varðar hvort nafngiftir yrkja teljist heppilegar gildir 63. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um tilkall til plöntuyrkja í bandalaginu ⁽¹⁾.

Heimilt er að samþykkja nákvæmar framkvæmdarreglur um heppilegustu nafngiftir yrkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

10. gr.

1. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar umsóknir eða afturköllun umsókna um samþykki fyrir yrki, allar færslur í skrá yfir yrki og breytingar á henni.

2. Aðildarríkin skulu, fyrir hvert nýtt, samþykkt yrki, senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni stutta lýsingu á helstu notkunareiginleikum yrkisins sem þeim hefur verið tilkynnt um í kjölfar samþykkis. Þau skulu einnig, samkvæmt beiðni, senda lýsingu á sérstökum eiginleikum sem gera kleift að greina eitt yrki frá öðrum svipuðum yrkjum.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafi aðgang að skjalaskránum, sem um getur í 4. mgr. 9. gr., um yrki, sem hafa verið samþykkt, eða yrki sem samþykki gildir ekki lengur um. Fara skal með upplýsingar um þessar skrár sem trúnaðarmál.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að skjalaskrár yfir samþykki séu tiltækar til einkanota allra einstaklinga sem geta sýnt fram á að þeir eigi lögmætra hagsmuna að gæta. Þessi ákvæði gilda ekki þegar fara verður með upplýsingar sem trúnaðarmál skv. 3. mgr. 7. gr.

5. Þegar yrki fæst ekki samþykkt eða samþykki hefur verið afturkallað skal veita einstaklingum, sem slík ákvörðun hefur áhrif á, aðgang að niðurstöðum athugana.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðhald samþykktra yrkja í samræmi við reglur um viðhald yrkis.

2. Eftirlit með viðhaldi skal alltaf vera framkvæmanlegt með því að fletta upp í skráum sem einstaklingur eða einstaklingar, sem bera ábyrgð á yrkinu, hafa undir höndum. Skrárnar skulu einnig taka til ræktunar allra ættliða á undan stofnfræi.

3. Hægt er að krefja einstakling, sem ber ábyrgð á yrkinu, um sýni. Þessi sýni má taka opinberlega gerist þess þörf.

4. Fari viðhald fram í öðru aðildarríki en því þar sem yrkið var samþykkt skulu hlutaðeigandi aðildarríki hafa samvinnu á stjórnslusviðinu um eftirlit.

12. gr.

1. Samþykki gildir til loka tíunda almanaksárs eftir að samþykki er veitt.

Samþykki yfirvalda á yrkjum í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu fyrir sameiningu Þýskalands gildir ekki lengur en til loka tíunda almanaksárs eftir að það hefur verið fært í yrkjaskrána sem sett er saman í Sambandslýðveldinu Þýskalandi í samræmi við 1. mgr. 3. gr.

2. Endurnýja má samþykki fyrir yrki með vissu millibili ef það er enn ræktað í þeim mæli að það sé réttlætlegt eða ef viðhalda þarf því til að varðveita erfðaaudlindir plantna og að því tilskildu að kröfur um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika eða viðmiðanir, sem eru ákveðnar skv. 2. og 3. mgr. 44. gr., séu enn uppfylltar. Sé ekki um að ræða erfðaaudlindir plantna í skilningi 44. gr. skulu umsóknir um endurnýjun lagðar fram eigi síðar en tveimur árum áður en samþykkið fellur úr gildi.

3. Lengja skal gildistíma samþykkis til bráðabirgða þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn um endurnýjun.

Þegar um er að ræða yrki sem samþykkt hafa verið fyrir 1. júlí 1972 eða, að því er Danmörku, Írland og Breska konungsríkið varðar, fyrir 1. janúar 1973, má framlengja tímabilið, sem tilgreint er í fyrstu undirgrein 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr., til 30. júní 1990 í síðasta lagi fyrir einstök yrki ef gerðar hafa verið opinberar ráðstafanir, skipulagðar innan bandalagsins, fyrir 1. júlí 1982 til að tryggja að skilyrðin fyrir endurnýjun á samþykki yrkjanna eða fyrir samþykki yrkja, sem sáð hefur verið til með þeim, séu uppfyllt.

Að því er Grikkland, Spán og Portúgal varðar má einnig fastsetja að gildistími samþykkis tiltekinna yrkja, sem hafa verið samþykkt í þessum aðildarríkjum fyrir 1. janúar 1986, að beiðni þessara aðildarríkja, renni út 30. júní 1990 í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. og fella má umrædd yrki undir opinberar ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tekinn verði af allur vafi sem kann að koma upp eftir að yrki hefur verið samþykkt og varðar mat á aðgreinanleika þess eða heiti á þeim tíma sem það var samþykkt.

2. Komi í ljós, eftir að yrki hefur verið samþykkt, að skilyrðið um aðgreinanleika í skilningi 5. gr. var ekki uppfyllt þegar yrkið var samþykkt skal önnur ákvörðun koma í stað samþykkisins eða það afturkallað, eftir því sem við á, í samræmi við þessa tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2506/95 (Stjtið. EB L 258, 28.10.1995, bls. 3).

Með þessari nýju ákvörðun skal yrkið, frá þeim degi að telja sem það var fyrst samþykkt, ekki lengur teljast yrki sem þekkt er í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr.

3. Komi í ljós, eftir að yrki hefur verið samþykkt, að heiti þess í skilningi 9. gr. var ekki ásættanlegt þegar yrkið var samþykkt skal heitið lagfært til samræmis við þessa tilskipun. Aðildarríkin mega heimila notkun fyrra heitisins um tíma sem viðbótarheiti. Heimilt er að setja nákvæmar reglur um hvenær megi nota fyrra heitið sem viðbótarheiti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr., má setja reglur um beitingu 1., 2. og 3. mgr.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samþykki fyrir yrki verði afturkallað:

- a) ef við athugun er sannreynt að yrkið sé ekki lengur aðgreinanlegt, stöðugt eða nægilega einsleitt,
- b) ef einstaklingur eða einstaklingar, sem bera ábyrgð á yrki, krefjast þess, nema um viðhald yrkis sé að ræða.

2. Aðildarríkin mega afturkalla samþykki fyrir yrki:

- a) ef ekki er farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun,
- b) ef veittar hafa verið, þegar sótt var um samþykki eða við athugun, rangar eða misvísandi upplýsingar um staðreyndir sem samþykkið byggðist á.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrki sé tekið út af skráum þeirra hafi samþykki fyrir yrki verið afturkallað eða gildistíminn runnið út.

2. Aðildarríkin geta veitt frest, á yferráðasvæði sínu til að votta, sannprófa sem staðlað fræ eða markaðssetja fræ fram til 30. júní á þriðja ári, hið lengsta, eftir að samþykkið rennur út.

Fyrir yrki, sem skráð eru skv. 1. mgr. 17. gr. í sameiginlegu skránni um yrki, sem um getur í 18. gr., skal sá frestur, sem rennur síðast út af þeim sem samkvæmt fyrstu undirgrein

eru viðurkenndir í aðildarríkjum, gilda um markaðssetningu í öllum aðildarríkjunum, að því tilskildu að engar markaðshindranir varðandi yrki nái til fræs af viðkomandi yrki.

3. Sé um að ræða yrki sem samþykki hefur verið endurnýjað fyrir skv. 3. mgr. 12. gr. geta aðildarríkin leyft að heitin, sem voru notuð fyrir endurnýjunina, verði notuð til 30. júní 1994.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með birtingunni, sem um getur í 17. gr., skuli fræ yrkja, sem eru samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar eða meginreglur, sem samsvara meginreglum hennar, ekki vera háð neinum markaðshindrunum með tilliti til yrkis.

2. Að undangenginni umsókn, sem farið skal með eins og kveðið er á um í 2. mgr. 46. gr. eða, ef um er að ræða erfðabreytt yrki, 3. mgr. 46. gr., getur aðildarríki fengið heimild til að banna notkun yrkisins á öllu yferráðasvæði sínu eða hluta þess eða mæla fyrir um viðeigandi skilyrði fyrir ræktun yrkisins og, í tilvikum sem kveðið er á um í b-lið, um skilyrði fyrir notkun vörunnar sem verður til við slíka ræktun:

- a) ef í ljós kemur að ræktun yrkisins getur verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda, eða
- b) ef það hefur gildar ástæður, aðrar en þær sem þegar eru nefndar eða kunna að hafa verið nefndar á meðan málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., stóð yfir, til að ætla að heilbrigði manna eða umhverfinu geti stafað hætta af yrkinu.

17. gr.

Á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum og jafnóðum og þær berast skal framkvæmdastjórnin birta í C-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna, undir yfirskriftinni „sameiginleg skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði“, skrá yfir öll yrki ef fræ þeirra eru ekki háð neinum markaðshindrunum skv. 16. gr. að því er yrkið varðar, og enn fremur upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 9. gr. um einstakling eða einstaklinga sem bera ábyrgð á viðhaldi yrkisins. Í auglýsingunni, sem birt er, skal tilgreina hvaða aðildarríki hafa fengið heimild skv. 2. mgr. 16. gr. eða 18. gr.

Í auglýsingunni skal telja upp þau yrki sem veittur hefur verið frestur fyrir í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 15. gr. Þar skal og tilgreina lengd frestsins og, eftir því sem við á, þau aðildarríki sem fresturinn gildir ekki um.

Í auglýsingunni, sem birt er, skal tilgreina á skýran hátt þau yrki sem eru erfðabreytt.

18. gr.

Ef í ljós kemur að ræktun yrkis, sem er skráð í sameiginlegu yrkjaskrána, geti verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda í einhverju aðildarríki eða að umhverfi eða heilbrigði manna geti stafað hættu af henni getur það aðildarríki, eftir að hafa sótt um, fengið heimild, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr., eða, ef um er að ræða erfðabreytt yrki, 3. mgr. 46. gr. til að banna markaðssetningu fræs eða fjölgunarefnis þess yrkis á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess. Ef yfirvofandi hættu er á útbreiðslu skaðlegra lífvera eða hættu vofir yfir heilbrigði manna eða umhverfinu getur viðkomandi aðildarríki lagt þetta bann á um leið og umsókn þess hefur verið lögð fram og gildir það þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Sú ákvörðun skal tekin innan þriggja mánaða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 46. gr. eða, ef um er að ræða erfðabreytt yrki, 3. mgr. 46. gr.

19. gr.

Hljóti yrki ekki lengur samþykki í því aðildarríki sem samþykkti það í upphafi má eitt eða fleiri önnur aðildarríki halda samþykki fyrir yrkinu, að því tilskildu að sem fyrr verði farið að kröfum fyrir samþykki á yfirráðasvæði þeirra. Ef um er að ræða yrki sem krafist er viðhalds fyrir ber að tryggja það.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að einungis megi markaðssetja fræ iðnaðarsíkoríu hafi það verið opinberlega vottað sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að einungis megi markaðssetja fræ annarra grænmetistegunda hafi það verið opinberlega vottað sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ eða um sé að ræða staðlað fræ.

3. Þó má, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 46. gr., kveða á um að eftir tiltekinn tíma megi einungis markaðssetja fræ ákveðinna grænmetistegunda hafi það verið opinberlega vottað sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að opinberar athuganir á fræi fari fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir, að svo miklu leyti sem slíkar aðferðir eru til.

21. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 20. gr. skulu aðildarríkin kveða á um að setja megi á markað:

— kynbætt fræ ætliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið.

22. gr.

Þó er aðildarríkjunum heimilt þrátt fyrir ákvæði 20. gr. að

a) leyfa opinbera vottun og markaðssetningu á stofnfræi sem uppfyllir ekki skilyrði I. viðauka um spírunarhæfni. Í þessu skyni skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist ákveðna spírunarhæfni sem hann tilgreinir við markaðssetningu á sérstökum merkimiða ásamt nafni sínu og heimilisfangi og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningar,

b) leyfa, til að flýta fyrir afgreiðslu á fræi, að fræ úr flokkunum „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ hljóti opinbera vottun og sé afhent fyrsta viðtakanda enda þótt ekki sé lokið opinberri athugun til að kanna hvort skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni séu uppfyllt. Vottun fæst einungis við framvísun skýrslu um bráðabirgðagreiningu á fræinu og að því tilskildu að nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda sé tilgreint. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist þá spírunarhæfni sem fullvissa fæst um í bráðabirgðagreiningunni. Við markaðssetningu skal þessi spírunarhæfni tilgreind á sérstökum merkimiða ásamt nafni og heimilisfangi birgis og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningar.

Þessi ákvæði gilda ekki um innflutt fræ frá þriðju löndum, að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í 36. gr. um fjölgun fræs utan bandalagsins.

Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.

23. gr.

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 20. gr. geta aðildarríkin:

a) heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að setja á markað lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar,

b) heimilað ræktunarmönnum og fulltrúum þeirra á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja í tiltekinn tíma fræ sem telst til yrkis sem sótt hefur verið um að verði tekið upp í innlenda tegundaskrá í a.m.k. einu aðildarríki og

sem sérstakar tæknilegar upplýsingar hafa verið lagðar fram fyrir.

2. Skilyrðin fyrir því að aðildarríkin geti veitt heimildirnar, sem um getur í b-lið hér að framan, skulu ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr., einkum að því er varðar öflun gagna, tegund gagna, geymslu og heiti yrkisins og merkingu pakkninga.

3. Leyfi, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu fyrir 14. desember 1998 í þeim tilgangi sem settur er fram í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu öll slík leyfi samræmast ákvæðunum sem sett eru í samræmi við 2. mgr.

24. gr.

Aðildarríkin mega, að því er skilyrði I. og II. viðauka varðar, setja frekari eða strangari kröfur um vottun fræs sem er framleitt á yfirráðasvæði þeirra.

25. gr.

1. Við athugun á fræi til vottunar og við eftirkönnunarprófanir skulu aðildarríkin krefjast þess að sýni séu tekin opinberlega með viðeigandi aðferðum.

Þessi ákvæði gilda einnig þegar sýni staðlaðs fræs eru tekin opinberlega fyrir eftirkönnunarprófanir.

2. Við athugun á fræi til vottunar og við eftirkönnunarprófanir skulu sýni tekin úr einsleitum framleiðslueiningum. Hámarksþyngd framleiðslueiningar og lágmarksþyngd sýnis er gefin upp í II. viðauka.

26. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnfræ og vottað fræ sé eingöngu markaðssett í nægilega einsleitum vörusendingum og innsigliðum pakkningum með lokunarbúnaði og merkingum eins og mælt er fyrir um í 27. og 28. gr.

2. Þegar lítið magn er selt til neytenda mega aðildarríkin kveða á um undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar pakkningar, lokun og merkingu.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríkin heimilað sínum eigin framleiðendum að markaðssetja litlar pakkningar af blöndum af stöðluðu fræi mismunandi yrkja af sömu tegund. Ákvarða skal tegundirnar, sem þessi ákvæði gilda um, reglur um hámarksstærð litlu pakkninganna og kröfur um merkingu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

27. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs og vottaðs fræs, sem ekki eru í formi lítilla EB-pakkninga, séu innsiglaðar opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að innsiglið eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr., eða á pakkningunum.

Til að tryggja að pakkningarnar séu lokaðar skal a.m.k. annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 46. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður er í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar.

2. Ekki skal loka pakkningum aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega eða undir opinberu eftirliti. Ef pakkningum er lokað aftur skal það tilgreint á merkimiða skv. 1. mgr. 28. gr. ásamt deginum, þegar þeim var síðast lokað aftur, og yfirvaldi sem ber ábyrgð á verkinu,

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs og litlar pakkningar með fræi í flokknum vottað fræ séu innsiglaðar þannig að innsiglið eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr., eða á pakkningunum. Á pakkningum, þó ekki litlum pakkningum, skal einnig vera blýinnsigli eða sambærilegt innsigli fest af þeim sem sér um að festa merkimiðann. Í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 46. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður er í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar. Litlar pakkningar með fræi í flokknum vottað fræ skulu ekki innsiglaðar aftur, hvorki einu sinni né oft, nema undir opinberu eftirliti.

4. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. og 2. mgr. þegar um er að ræða litlar pakkningar sem er lokað á þeirra eigin yfirráðasvæði. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

28. gr.

1. Aðildarríkin skulu, nema þegar fræ í síðari flokknum er í formi lítilla EB-pakkninga, krefjast þess að pakkningar stofnfræs og vottaðs fræs:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða, sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði A-hluta IV. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðann má setja innan á gegnsæjar pakkningar svo framarlega sem hægt er að lesa á hann í

gegnum þær. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans í öllum tilvikum tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. 22. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr., má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á pakkningarnar undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans,

- b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með a.m.k. þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum skv. 4. til 7. lið a-liðar í A-hluta IV. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem um getur í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á pakkningarnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða merkimiðinn er innan í gegnsæjum pakkningum eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litlar pakkningar sem eru innsiglaðar á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

3. Á pakkningum með stöðluðu fræi og litlum pakkningum með fræi úr flokknum „vottað fræ“ skal vera, skv. B-hluta IV. viðauka, merkimiði birgis eða prentuð eða stimpluð áritun á einu hinna opinberu tungumála bandalagsins. Merkimiðinn skal vera blár fyrir vottað fræ og dökkgulur fyrir staðlað fræ.

Í öllum tilvikum, nema þegar um er að ræða litlar pakkningar með stöðluðu fræi, skulu fyrirskipaðar eða leyfilegar upplýsingar samkvæmt þessu ákvæði vera vel aðgreindar frá öðrum upplýsingum á merkimiðanum eða pakkningunni, þ.m.t. upplýsingarnar sem kveðið er á um í 30. gr.

Eftir 30. júní 1992 má ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr., að þessi krafa nái til lítilla pakkninga með stöðluðu fræi allra tegunda eða sumra tegunda eða að gerður verði greinarmunur á fyrirskipuðum eða leyfilegum upplýsingum og öðrum upplýsingum ef þessi greinilegi munur er gefinn sérstaklega til kynna á merkimiðanum eða pakkningunni.

4. Þegar um er að ræða yrki sem eru vel þekkt 1. júlí 1970 má einnig nefna á merkimiðanum hvernig viðhalda eigi

yrkinu sem hefur verið eða mun verða tilgreint í samræmi við ákvæði 2. mgr. 41. gr. Bannað er að geta sérstakra eiginleika sem gætu tengst slíku viðhaldi.

Dagsetningin skal vera:

- 1. janúar 1973 að því er varðar Danmörku, Írland og Breska konungsríkið,
- 1. mars 1986 að því er varðar Spán.

Þessi tilvísun skal koma á eftir heiti yrkisins og vera greinilega aðgreind frá því, helst með þankastriki. Hún skal ekki vera meira áberandi en yrkisheitið.

29. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að því er varðar litlar pakkningar með vottuðu fræi, að hægt sé að sannprófa ósvikni fræs, einkum við skiptingu framleiðslueininga fræs. Í þessu skyni mega þau krefjast þess að litlar pakkningar, sem eru útbúnar á yfirráðasvæði þeirra, séu innsiglaðar opinberlega eða undir opinberu eftirliti.

30. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 46. gr., er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum en þeim sem þegar hefur verið kveðið á um í þessari tilskipun, skuli merkimiði birgis (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkninguna sjálfa) vera á pakkningum með stofnfræi, hvers konar vottuðu fræi eða stöðluðu fræi.

Upplýsingarnar, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

2. Þegar um er að ræða stofnfræ og vottað fræ skal merkimiðinn eða áletrunin, sem um getur í 1. mgr., þannig úr garði gerð að ekki sé hægt að rugla henni saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

31. gr.

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.

32. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að getið sé um efnaðhöndlun stofnfræs, vottaðs fræs eða staðlaðs fræs annaðhvort á opinbera merkimiðanum eða merkimiða birgis og

utan á pakkningunni eða innan á henni. Á litlum pakkningum má prenta þessar upplýsingar beint á pakkninguna eða innan á hana.

33. gr.

Með það fyrir augum að finna betri valkosti í stað tiltekinna ákvæða í þessari tilskipun er hægt að taka ákvörðun um að skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

Við slíkar tilraunir er heimilt að losa aðildarríkin undan ákveðnum skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang slíkra tilslakana skal ákveðið með hliðsjón af þeim ákvæðum sem um er að ræða. Tilraun skal ekki standa lengur yfir en í sjö ár.

34. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og innsigli, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða annarri tilskipun bandalagsins.

2. Þar til ákvörðun hefur verið tekin skv. 3. mgr. 20. gr. má heimila aðildarríki samkvæmt umsókn, sem farið skal með samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 46. gr., að kveða á um að eftir tiltekinn tíma megi einungis markaðssetja fræ tiltekinna grænmetisegunda hafi það verið opinberlega vottað sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

35. gr.

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirliði 21. gr. skulu vera sem hér segir:

- fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bæru vottunaryfirvaldi í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs,
- fræið skal vera í pakkningum í samræmi við þessa tilskipun, og
- á pakkningunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:
 - vottunaryfirvald og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
 - tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,
 - innsigliunarmánuður og -ár, eða
 - mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegund, tilgreind a.m.k. með grasafræðiheiti sínu sem má vera styttr heiti og án höfundarnafns með latnesku lettri,

— yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku lettri,

— lýsingin „grundvallarfræ“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.

36. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að grænmetisfræ:

— sem framleitt hefur verið beint af stofnfræi eða vottuðu fræi, sem er opinberlega vottað annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. d-lið 1. mgr. 37. gr., eða sem framleitt hefur verið með víxlun stofnfræs, sem er opinberlega vottað í aðildarríki, og stofnfræs sem er opinberlega vottað í slíku þriðja landi, og

— sem uppskorið hefur verið í öðru aðildarríki,

skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar tilskipunar, vera vottað opinberlega sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er hafi fræið verið skoðað á akri og uppfyllt skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk séu uppfyllt.

Þegar fræið hefur verið framleitt með opinberlega vottuðu fræi af ættliðum á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottun sem stofnfræ ef skilyrði, sem mælt er fyrir um þann flokk, eru uppfyllt.

2. Grænmetisfræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að votta í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í pakkningum og merkt með opinberum merkimiði sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 27. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirliði um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs, sem hefur ekki verið vottað endanlega, og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.

3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að grænmetisfræ:

— sem framleitt hefur verið beint af stofnfræi eða vottuðu fræi, sem er opinberlega vottað annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. d-lið 1. mgr. 37. gr., eða sem framleitt hefur verið með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottað í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottað í slíku þriðja landi, og

— sem uppskorið hefur verið í þriðja landi,

skuli, samkvæmt beiðni, vera vottað opinberlega sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem vottaða fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottað, hafi fræið verið skoðað á akri og uppfyllt skilyrði með ákvörðun skv. a-lið 1. mgr. 37. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka um sama flokk, séu uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinberlega vottun slíks fræs.

37. gr.

1. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið ákvarða með auknum meirihluta hvort:

- a) opinberar athuganir á yrkjum, sem kveðið er á um í 7. gr., séu jafnáreiðanlegar þegar þær eru gerðar í þriðja landi og athuganir gerðar í aðildarríkjunum,
- b) athuganir á reglum um viðhald yrkja, sem gerðar eru í þriðja landi, séu jafnáreiðanlegar og athuganir gerðar í aðildarríkjunum,
- c) akurskoðanir í þriðja landi, í tilvikum sem um getur í 36. gr., uppfylli skilyrði I. viðauka,
- d) grænmetisfræ, sem er uppskorið í þriðja landi og uppfyllir sömu kröfur um eiginleika, fyrirkomulag athugana, að ósvikni fræs sé óyggjandi og um merkingu og eftirlit, sé í þessu tilliti jafngilt stofnfræi eða vottuðu fræi sem er uppskorið innan bandalagsins og samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um hvert nýtt aðildarríki frá og með þeim degi sem það fær aðild þar til það samþykkir nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.

38. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi, vottuðu fræi eða staðalfræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, og til að leysa erfðleika varðandi framboðið er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt

er fyrir um í 2. mgr. 46. gr., að aðildarríkin veiti leyfi í tiltekinn tíma fyrir markaðssetningu í öllu bandalaginu, á nauðsynlegu magni af fræi í flokki, sem vægari kröfur gilda um, eða fræi af yrki, sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir yrki grænmetistegunda eða í innlendum skráum yfir yrki í aðildarríkjunum.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn eða merkimiði birgis vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk. Þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skráum skal merkimiðinn vera brúnn. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

39. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu grænmetisfræs, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.

2. Með fyrirvara um frjálsan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokk,
- d) framleiðsluland og opinberan skoðunaryfirvalds,
- e) sendingarland,
- f) innflytjanda,
- g) magn fræs.

Heimilt er að ákveða hvernig veita skuli þessar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

40. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að fræ úr flokkunum „vottað fræ“ og „staðlað fræ“ gangist undir opinbera eftirkönnun á akri sem felst í skoðun til að bera ósvikni þess og hreinleika saman við viðmiðunarsýni.

41. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingar sem bera ábyrgð á því að setja merkimiða á staðlað fræ fyrir markaðssetningu:

- a) láti aðildarríkin vita hvaða dag þeir hefja starf og hvaða dag starfi þeirra lýkur,
- b) haldi skrár yfir allar framleiðslueiningar staðlaðs fræs sem aðildarríkin fái síðan aðgang að í a.m.k. þrjú ár,
- c) haldi til haga fyrir aðildarríkin í a.m.k. tvö ár fræsýnum vegna gæðaeftirlits með þeim yrkjum sem ekki þarfnast viðhalds,
- d) velji sýni úr hverri framleiðslueiningu sem á að markaðssetja og haldi þeim til haga fyrir aðildarríkin í a.m.k. tvö ár.

Starfsemin, sem um getur í b- og d-lið, skal vera undir opinberu eftirliti sem felst í sýnatöku af handahófi. Skuldbindingin, sem mælt er fyrir um í c-lið, gildir eingöngu um framleiðendur.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að hver sá sem hefur í hyggju að vísa til sérstakra aðferða til að viðhalda yrki í samræmi við 4. mgr. 28. gr. tilkynni þá ætlun sína fyrir fram.

42. gr.

1. Komi í ljós hvað eftir annað við eftirkönnunarprófanir á ökrum að fræ af tilteknu yrki uppfylli ekki svo vel sé skilyrði um að yrkið sé ósvikið og hreint skulu aðildarríkin tryggja að þeim sem markaðssetur það sé algjörlega eða að hluta til bannað að markaðssetja slíkt fræ (eftir því sem við á og í tiltekinn tíma).

2. Ráðstafanir, sem gerðar eru skv. 1. mgr., skulu dregnar til baka um leið og staðfest hefur verið með nægjanlegri vissu að fræið, sem á að markaðssetja, uppfylli framvegis skilyrði um að vera ósvikið og hreint.

43. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun á sýnum stofnfræs, að undanskildu stofnfræi blendinga og tilbúinna yrkja, og vottaðs fræs og staðlaðs grænmetisfræs sem fengin eru við sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að kanna hvort fræ uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Tilhögun við samanburðarprófanir og niðurstöður úr þeim skal leggja fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 46. gr.

2. Þessar samanburðarprófanir skulu notaðar til að samræma tæknilegar aðferðir við vottun og eftirkönnun svo að sambærilegar niðurstöður fáiast. Um leið og þessu

markmiði er náð skal gera ársskýrslur um prófanirnar og senda sem trúnaðargögn til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin ákvarðar dagsetninguna fyrir fyrstu skýrsluna í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. til að samanburðarprófanirnar geti farið fram. Í samanburðarprófunum má hafa með grænmetisfræ sem er uppskorið í þriðja landi.

44. gr.

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. svo að tekið sé tillit til þróunarinnar með tilliti til skilyrðanna fyrir því að setja megi efnafræðilega meðhöndlað fræ á markað.

2. Setja skal sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. svo að tekið sé tillit til þróunarinnar með tilliti til varðveislu á staðnum og sjálfbærrar nýtingar erfðaauðlinda plantna við ræktun og markaðssetningu á fræi af:

a) staðaryrkjum og yrkjum sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, sbr. þó ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1467/94 frá 20. júní 1994 um verndun, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðafræðilegra auðlinda í landbúnaði ⁽¹⁾,

b) yrkjum sem hafa ekkert raunverulegt gildi í framleiðslu á sölukorni en hafa verið þróuð til að vaxa við sérstök skilyrði.

3. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

a) staðaryrki og yrki skulu samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar að því er varðar a-lið 2. mgr. Einkum skal taka tillit til niðurstaðna úr óopinberum prófunum og þekkingar sem hefur fengist með reynslu af ræktun, æxlun og notkun og nákvæmra lýsinga á yrkjum og viðeigandi nafngiftum þeirra sem hafa verið tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis og ef þetta er fullnægjandi felur það í sér undanþágu frá kröfunni um opinbera athugun. Þegar slíkt staðaryrki eða yrki er samþykkt skal það tilgreint sem „varðveisluyrki“ í sameiginlegu skránni,

b) viðeigandi magntakmarkanir að því er varðar a- og b-lið 2. mgr.

(¹) Stjtið. EB L 159, 28.6.1994, bls. 1.

45. gr.

Breytingar á viðaukunum, sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr.

46. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar ráðsins 66/399/EBE ⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

47. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 18. gr. og I. og II. viðauka hefur tilskipun þessi ekki áhrif á ákvæði landslaga sem eru sett til að vernda heilbrigði og líf manna, dýra og plantna eða til að vernda eignarrétt á sviði iðnaðar eða verslunar.

48. gr.

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. svo að tekið sé tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafræðilega meðhöndlun,
- skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundir sem eru tilgreindar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB ⁽²⁾ og sem bundnar eru sérstökum, ósnortnum og lítt snortnum búsvæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar,
- skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lífrænnar ræktunar.

2. Sérstök skilyrðin, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

- fræ þessara tegunda skal vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt með tilliti til markaðssetningar á ákveðnum svæðum,
- viðeigandi magntakmarkanir.

49. gr.

Að fenginni umsókn aðildarríkis, sem farið skal með samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 46. gr., má leysa það ríki, að fullu eða að hluta, undan þeirri skyldu að fara að þessari tilskipun að því er varðar ákveðnar tegundir sem eru yfirleitt ekki ræktaðar eða markaðssettar á yfirráðasvæði þess, að því tilskildu að það sé ekki í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 34. gr.

50. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

51. gr.

1. Tilskipun 70/458/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem tilgreindar eru í A-hluta VI. viðauka, fellur hér með úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest til lögleiðingar sem settur er fram í téðum tilskipunum í B-hluta VI. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í VII. viðauka.

52. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

53. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. júní 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

M. RAJOY BREY

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB 125, 11.7.1966, bls. 2289/66.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 193, 20. 7. 2002, bls. 1.

I. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR VOTTUN FRÆAKRA

1. Ræktunin skal vera ósvikin og hrein með tilliti til yrkis.
2. Fram fari a.m.k. ein opinber akurskoðun þegar um er að ræða stofnfræ. Minnst ein opinber akurskoðun skal fara fram þegar um er að ræða vottað fræ undir opinberu eftirliti sem felst í gæðaeftirliti með a.m.k. 20% af ræktun hverrar tegundar.
3. Ræktunarskilyrði á akrinum skulu vera þannig og ræktunin komin það vel á veg að mögulegt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með því að yrki séu ósvikin og hrein.
4. Lágmarksfjarlægð frá nálægum plöntum, sem geta orsakað óæskilega aðfrævun, skal vera:

A. *Beta vulgaris*

1. frá öllum frjókornagjöfum af *Beta*-ættkvíslinni sem ekki eru tilgreindir hér á eftir 1 000 metrar,
2. frá frjókornagjöfum af yrkjum af sömu undirtegund sem tilheyrir öðrum hópi yrkja:
 - a) fyrir stofnfræ 1 000 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 600 metrar,
3. frá frjókornagjöfum yrkja af sömu undirtegund sem tilheyrir sama hópi yrkja:
 - a) fyrir stofnfræ 600 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 300 metrar.

Hópa þeirra yrkja, sem um getur í lið 2 og 3, skal ákvarða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 46. gr.

B. Tegundir af ættkvíslinni *Brassica*

1. Frá stöðum þar sem líkur eru á að utanaðkomandi frjókornagjafi spilli verulega yrkjum tegunda af ættkvíslinni *Brassica*:
 - a) fyrir stofnfræ 1 000 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 600 metrar,
2. frá öðrum stöðum þar sem líkur eru á að utanaðkomandi frjókornagjafi hafi í för með sér víxlfrævun við yrki tegunda af ættkvíslinni *Brassica*:
 - a) fyrir stofnfræ 500 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 300 metrar.

C. *Iðnaðarsíkoría*

1. frá öðrum tegundum af sömu ættkvísl eða undirtegundum 1 000 metrar,
2. frá öðru yrki iðnaðarsíkoríu
 - a) fyrir stofnfræ 600 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 300 metrar.

D. *Aðrar tegundir*

1. Frá stöðum þar sem líkur eru á að utanaðkomandi frjókornagjafi spilli verulega yrkjum annarra tegunda með víxlfrævun:
 - a) fyrir stofnfræ 500 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 300 metrar,
2. frá öðrum stöðum þar sem líkur eru á að utanaðkomandi frjókornagjafi hafi í för með sér víxlfrævun:
 - a) fyrir stofnfræ 300 metrar,
 - b) fyrir vottað fræ 100 metrar.

Ekki þarf að virða fjarlægðarmörkin ef nægileg vernd er gegn óæskilegri aðfrævun.

5. Halda skal sjúkdómum og skaðlegum lífverum, sem draga úr notagildi fræsins, í skefjum eins og framast er kostur.

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM FRÆ VERÐUR AÐ UPPFYLLA

1. Fræið skal vera ósvikið og hreint með tilliti til yrkis.
2. Halda skal sjúkdómum og skaðlegum lífverum, sem draga úr notagildi fræsins, í skefjum eins og kostur er.
3. Fræið skal enn fremur uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Staðlar

Tegund	Lágmarks- hreinleiki (% af þyngd)	Lágmarks- hreinleiki fræs af öðrum plöntutegundum (% af þyngd)	Lágmarksspír- unarhæfni (% klasa eða hreis fræs)
<i>Allium cepa</i>	97	0,5	70
<i>Allium porrum</i>	97	0,5	65
<i>Anthriscus cerefolium</i>	96	1	70
<i>Apium graveolens</i>	97	1	70
<i>Asparagus officinalis</i>	96	0,5	70
<i>Beta vulgaris</i> (Cheltenham-rófur)	97	0,5	50 (klasar)
<i>Beta vulgaris</i> (nema Cheltenham-rófur)	97	0,5	70 (klasar)
<i>Brassica oleracea</i> (blómkál)	97	1	70
<i>Brassica oleracea</i> (aðrar undirtegundir)	97	1	75
<i>Brassica pekinensis</i>	97	1	75
<i>Brassica rapa</i>	97	1	80
<i>Capsicum annum</i>	97	0,5	65
<i>Cichorium intybus</i> (partim) (jólasalat, ítalskur kaffifífill)	95	1,5	65
<i>Cichorium intybus</i> (partim) (iðnaðarsíkoria)	97	1	80
<i>Cichorium endivia</i>	95	1	65
<i>Citrullus lanatus</i>	98	0,1	75
<i>Cucumis melo</i>	98	0,1	75
<i>Cucumis sativus</i>	98	0,1	80
<i>Cucurbita maxima</i>	98	0,1	80
<i>Cucurbita pepo</i>	98	0,1	75
<i>Cynara cardunculus</i>	96	0,5	65
<i>Daucus carota</i>	95	1	65
<i>Foeniculum vulgare</i>	96	1	70
<i>Lactuca sativa</i>	95	0,5	75
<i>Lycopersicon lycopersicum</i>	97	0,5	75

Tegund	Lágmarks- hreinleiki (% af þyngd)	Lágmarksinnihald fræs af öðrum plöntutegundum (% af þyngd)	Lágmarksspírunar hæfni (% klasa eða hreins fræs)
<i>Petroselinum crispum</i>	97	1	65
<i>Phaseolus coccineus</i>	98	0,1	80
<i>Phaseolus vulgaris</i>	98	0,1	75
<i>Pisum sativum</i>	98	0,1	80
<i>Raphanus sativus</i>	97	1	70
<i>Scorzonera hispanica</i>	95	1	70
<i>Solanum melongena</i>	96	0,5	65
<i>Spinacia oleracea</i>	97	1	75
<i>Valerianella locusta</i>	95	1	65
<i>Vicia faba</i>	98	0,1	80

b) Viðbótarkröfur

- i) belgjurtafræ má ekki vera smitað af eftirtöldum lifandi skordýrum:

Acanthoscelides obtectus Sag.*Bruchus affinis* Froel.*Bruchus atomarius* L.*Bruchus pisorum* L.*Bruchus rufimanus* Boh.

- ii) fræ má ekki vera smitað af lifandi mítlum Acarina.

III. VIÐAUKI

ÞYNGD SEM UM GETUR Í 2. MGR. 25. GR.

1. Hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs:

- | | |
|--|---------|
| a) fræ af <i>Phaseolus vulgaris</i> , <i>Pisum sativum</i> og <i>Vicia faba</i> | 25 tonn |
| b) fræ sem er ekki minna en hveitikorn, nema <i>Phaseolus vulgaris</i> , <i>Pisum sativum</i> og <i>Vicia faba</i> | 20 tonn |
| c) fræ sem er minna en hveitikorn | 10 tonn |

Hámarksþyngd framleiðslueiningar má ekki vera meiri en sem nemur 5%.

2. Lágmarksþyngd sýnis

Tegund	Þyngd (í g)
<i>Allium cepa</i>	25
<i>Allium porrum</i>	20
<i>Anthriscus cerefolium</i>	20
<i>Apium graveolens</i>	5
<i>Asparagus officinalis</i>	100
<i>Beta vulgaris</i>	100
<i>Brassica oleracea</i>	25
<i>Brassica pekinensis</i>	20
<i>Brassica rapa</i>	20
<i>Capsicum annuum</i>	40
<i>Cichorium intybus (partim)</i> (jólusalat, ítalskur fjallaffill)	15
<i>Cichorium intybus (partim)</i> (iðnaðarsíkoría)	50
<i>Cichorium endivia</i>	15
<i>Citrullus lanatus</i>	250
<i>Cucumis melo</i>	100
<i>Cucumis sativus</i>	25
<i>Cucurbita maxima</i>	250
<i>Cucurbita pepo</i>	150
<i>Cynara cardunculus</i>	50
<i>Daucus carota</i>	10
<i>Foeniculum vulgare</i>	25
<i>Lactuca sativa</i>	10
<i>Lycopersicon lycopersicum</i>	20
<i>Petroselinum crispum</i>	10
<i>Phaseolus coccineus</i>	1 000
<i>Phaseolus vulgaris</i>	700
<i>Pisum sativum</i>	500
<i>Raphanus sativus</i>	50
<i>Scorzonera hispanica</i>	30
<i>Solanum melongena</i>	20
<i>Spinacia oleracea</i>	75
<i>Valerianella locusta</i>	20
<i>Vicia faba</i>	1 000

Fyrir F-1 blendingsyrki af þeim tegundum, sem taldar eru upp hér að framan, má minnka lágmarksþyngd sýnis í einn fjórða af tilgreindri þyngd. Sýnið skal þó vega a.m.k. 5 g og í því skulu vera a.m.k. 400 fræ.

IV. VIÐAUKI

MERKIMIÐI

A. Opinber merkimiði (stofnfræ og vottað fræ, nema á litlum pakkningum)

I. Tilskildar upplýsingar

1. „EB-reglur og staðlar“.
2. Vottunaryfirvald og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra.
3. Innsigluarmánuður og -ár, gefið upp á eftirfarandi hátt: „innsiglað ... (mánuður og ár)“, eða mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar, gefið upp á eftirfarandi hátt: „sýni tekið ... (mánuður og ár)“.
4. Tilvisunarnúmer framleiðslueiningar.
5. Tegund, tilgreind a.m.k. með latnesku letri með grasafræðiheiti sinu, sem má vera stytthéiti og án höfundarnafns, eða með almennu heiti eða hvort tveggja.
6. Yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku letri.
7. Flokkur.
8. Framleiðsluland.
9. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgæfnn fjöldi hreinna fræja.
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar klasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.
11. Fyrir yrki sem eru blendingar eða skyldleikaræktaðar línur:
 - fyrir stofnfræ ef blendingur eða skyldleikaræktað lína, sem fræ telst til, hefur verið opinberlega samþykkt samkvæmt þessari tilskipun:

opinberlega samþykkt heiti þessa þáttar með eða án tilvisunar til endanlegs yrkis ásamt orðinu „þáttur“ fyrir blendinga eða skyldleikaræktaðar línur sem eru eingöngu ætlaðar sem þættir í endanlegum yrkjum,
 - fyrir stofnfræ í öðrum tilvikum:

heiti þáttar sem stofnfræið telst til, sem má tilgreina með kóða, ásamt tilvisun til endanlegs yrkis með eða án tilvisunar til hlutverks þess (kven- eða karlkyns) og ásamt orðinu „þáttur“,
 - fyrir vottað fræ:

heiti yrkis, sem fræið er af, ásamt orðinu „blendingur“.
12. Hafi a.m.k. spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ...“, (mánuður og ár).

II. Lágmarksstærð

110 × 67 mm

B. Merkimiði birgis eða áletrun á pakkningarnar (staðlað fræ eða litlar pakkningar í flokknum „vottað fræ“)

I. Tilskildar upplýsingar

1. „EB-reglur og staðlar“.
2. Nafn og heimilisfang einstaklingsins, sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á, eða auðkenni hans.

3. Framleiðsluár innsíglunar eða síðustu athugunar á spírunarhæfni. Tilgreina má lok framleiðsluársins.
 4. Tegund, tilgreind a.m.k. með latnesku lettri.
 5. Yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku lettri.
 6. Flokkur: ef um litlar pakkningar er að ræða má merkja vottað fræ með bókstafnum „C“ eða „Z“ og staðlað fræ með stöfunum „ST“.
 7. Tilvísunarnúmer, gefið upp af einstaklingi sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á — ef um staðlað fræ er að ræða.
 8. Tilvísunarnúmer til að unnt sé að sanngreina vottaða framleiðslueiningu — ef um vottað fræ er að ræða.
 9. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi fræja, nema fyrir litlar pakkningar sem eru allt að 500 grömm á þyngd.
 10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar klasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.
- II. *Lágmarksstærð merkimiða (nema á litlum pakkningum)*
- 110 × 67 mm.
-

V. VIÐAUKI

MERKIMIDI OG SKJAL ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA FRÆ SEM HEFUR EKKI VERIÐ VOTTAD ENDANLEGA OG ER UPPSKORIÐ Í ÖÐRU AÐILDARRÍKI**A. Tilskildar upplýsingar á merkimiða**

- yfirvald, sem ábyrgt er fyrir akurskoðun, og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
- tegund, tilgreind a.m.k. með latnesku letri með grasafræðiheiti sínu, stytta ef svo ber undir, og án höfundarnafns, eða með almennu heiti eða hvort tveggja,
- yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku letri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer akurs eða framleiðslueiningar,
- uppgæfin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „fræ, ekki endanlega vottað“.

B. Litur merkimiða

Merkimiðinn skal vera grár.

C. Tilskildar upplýsingar í skjali

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- tegund, tilgreind a.m.k. með latnesku letri, með grasafræðiheiti sínu, stytta ef svo ber undir, og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum,
- yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku letri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer fræs sem sáð er í akurinn og heiti landsins eða landanna sem vottuðu þetta fræ,
- tilvísunarnúmer akurs eða framleiðslueiningar,
- svæði þar sem fræ framleiðslueiningarinnar, sem skjalið tekur til, var ræktað,
- uppskorið fræmagn og fjöldi pakkninga,
- staðfesting á því að skilyrðin, sem gilda um ræktun fræs, hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður úr bráðabirgðagreiningu fræs eftir því sem við á.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

NIÐURFELLD TILSKIPUN OG SÍÐARI BREYTINGAR Á HENNI

(sem um getur í 51. gr.)

Tilskipun 70/458/EBE (Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7)	
Tilskipun ráðsins 71/162/EBE (Stjtið. EB L 87, 17.4.1971, bls. 24)	eingöngu 6. gr.
Tilskipun ráðsins 72/274/EBE (Stjtið. EB L 171, 29.7.1972, bls. 37)	varðar einungis tilvísanir til ákvæða tilskipunar 70/458/EBE í 1. og 2. gr.
Tilskipun ráðsins 72/418/EBE (Stjtið. EB L 287, 26.12.1972, bls. 22)	eingöngu 6. gr.
Tilskipun ráðsins 73/438/EBE (Stjtið. EB L 356, 27.12.1973, bls. 79)	eingöngu 6. gr.
Tilskipun ráðsins 76/307/EBE (Stjtið. EB L 72, 18.3.1976, bls. 16)	eingöngu 2. gr.
Tilskipun ráðsins 78/55/EBE (Stjtið. EB L 16, 20.1.1978, bls. 23)	eingöngu 7. gr.
Tilskipun ráðsins 78/692/EBE (Stjtið. EB L 236, 26.8.1978, bls. 13)	eingöngu 7. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/641/EBE (Stjtið. EB L 183, 19.7.1979, bls. 13)	eingöngu 4. gr.
Tilskipun ráðsins 79/692/EBE (Stjtið. EB L 205, 13.8.1979, bls. 1)	eingöngu 4. gr.
Tilskipun ráðsins 79/967/EBE (Stjtið. EB L 293, 20.11.1979, bls. 16)	eingöngu 3. gr.
Tilskipun ráðsins 80/1141/EBE (Stjtið. EB L 341, 16.12.1980, bls. 27)	eingöngu 2. gr.
Tilskipun ráðsins 86/155/EBE (Stjtið. EB L 118, 7.5.1986, bls. 23)	eingöngu 6. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/120/EBE (Stjtið. EB L 49, 18.2.1987, bls. 39)	eingöngu 5. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/481/EBE (Stjtið. EB L 273, 26.9.1987, bls. 45)	
Tilskipun ráðsins 88/332/EBE (Stjtið. EB L 151, 17.6.1988, bls. 82)	eingöngu 8. gr.
Tilskipun ráðsins 88/380/EBE (Stjtið. EB L 187, 16.7.1988, bls. 31)	eingöngu 7. gr.
Tilskipun ráðsins 90/654/EBE (Stjtið. EB L 353, 17.12.1990, bls. 48)	varðar einungis tilvísanir til ákvæða tilskipunar 70/458/EBE í 2. gr. og 7. lið I. hluta í II. viðauka.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/18/EB (Stjtið. EB L 76, 26.3.1996, bls. 21)	eingöngu 3. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/72/EB (Stjtið. EB L 304, 27.11.1996, bls. 10)	eingöngu 6. mgr. 1. gr.
Tilskipun ráðsins 98/95/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 1)	eingöngu 7. gr.
Tilskipun ráðsins 98/96/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27)	eingöngu 7. gr.

B-HLUTI

FRESTUR TIL LÖGLEIÐINGAR Í AÐILDARRÍKJUNUM

(sem um getur í 51. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
70/458/EBE	1. júlí 1972 ⁽¹⁾ ⁽²⁾
71/162/EBE	1. júlí 1972
72/274/EBE	1. júlí 1972 (1. gr.)
	1. janúar 1973 (2. gr.)
72/418/EBE	1. janúar 1973 (13. mgr. 6. gr. og 18. mgr. 6. gr.)
	1. júlí 1972 (önnur ákvæði)
73/438/EBE	1. janúar 1974 (4. mgr. 6. gr.)
	1. júlí 1974 (önnur ákvæði)
76/307/EBE	1. júlí 1975
78/55/EBE	1. júlí 1977 (5. mgr. 7. gr.)
	1. júlí 1979 (önnur ákvæði)
78/692/EBE	1. júlí 1977 (7. gr.)
	1. júlí 1979 (önnur ákvæði)
79/641/EBE	1. júlí 1980
79/692/EBE	1. júlí 1977
79/967/EBE	1. júlí 1982
80/1141/EBE	1. júlí 1980
86/155/EBE	1. mars 1986 (3. mgr. 6. gr. og 8. mgr. 6. gr.)
	1. júlí 1987 (önnur ákvæði)
87/120/EBE	1. júlí 1988
87/481/EBE	1. júlí 1989
88/332/EBE	
88/380/EBE	1. júlí 1982 (9. mgr. 7. gr.)
	1. janúar 1986 (6. mgr. 7. gr. og 10. mgr. 7. gr.)
	1. júlí 1992 (18. mgr. 7. gr.)
	1. júlí 1990 (önnur ákvæði)
90/654/EBE	
96/18/EB	1. júlí 1996
96/72/EB	1. júlí 1997 ⁽³⁾
98/95/EB	1. febrúar 2000 (Leiðrétting í Stjtið. EB L 126, 20.5.1999, bls. 23)
98/96/EB	1. febrúar 2000

⁽¹⁾ Hinn 1. júlí 1973 að því er Danmörku, Írland og Breska konungsríkið varðar, 1. janúar 1986 að því er Grikkland varðar, 1. mars 1986 að því er Spán varðar og 1. janúar 1991 að því er Portúgal varðar.

⁽²⁾ Hinn 1. janúar 1995 að því er Austurríki, Finnland og Svíþjóð varðar.

— Finnlandi og Svíþjóð er þó heimilt að fresta, þar til í síðasta lagi 31. desember 1995, beitingu ákvæða þessarar tilskipunar á yfírráðasvæði sínu að því er varðar markaðssetningu á fræi af þeim yrkjum sem skráð eru í innlendar skrár þeirra yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði og yrki grænmetistegunda sem ekki hafa verið samþykkt opinberlega í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Ekki skal heimilt að markaðssetja fræ af þeim yrkjum á yfírráðasvæði hinna aðildarríkjanna á þessu tímabili.

— Ekki skulu gilda neinar hömlur á markaðssetningu með tilliti til yrkis fyrir yrki nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda sem eru skráð daginn, sem ríkin fá aðild eða eftir það, bæði í innlendar skrár í Finnlandi og Svíþjóð og í sameiginlegu skrárnar.

— Skulu yrki í innlendum skrár í Finnlandi og Svíþjóð, á öllu því tímabili sem nefnt er í fyrsta undirlið, sem hafa verið samþykkt opinberlega í samræmi við ákvæði téðrar tilskipunar, skráð í sameiginlegu skrárnar yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda fyrir hvort landið um sig.

⁽³⁾ Heimilt er að nota fyrirbyggjandi birgðir af merkimiðum, sem bera skammstöfunina „EBE“, fram til 31. desember 2001.

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 70/458/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	fyrsta undirgrein 1. gr.
34. gr.	önnur undirgrein 1. gr.
a-liður 1. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
a-liður 1. mgr. 2. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.
a-liður B-liðar 1. mgr. 2. gr.	i-liður c-liðar 1. mgr. 2. gr.
b-liður B-liðar 1. mgr. 2. gr.	ii-liður c-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður B-liðar 1. mgr. 2. gr.	iii-liður c-liðar 1. mgr. 2. gr.
d-liður B-liðar 1. mgr. 2. gr.	iv-liður c-liðar 1. mgr. 2. gr.
a-liður C-liðar 1. mgr. 2. gr.	i-liður d-liðar 1. mgr. 2. gr.
b-liður C-liðar 1. mgr. 2. gr.	ii-liður d-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður C-liðar 1. mgr. 2. gr.	iii-liður d-liðar 1. mgr. 2. gr.
d-liður C-liðar 1. mgr. 2. gr.	iv-liður d-liðar 1. mgr. 2. gr.
e-liður C-liðar 1. mgr. 2. gr.	v-liður d-liðar 1. mgr. 2. gr.
a-liður D-liðar 1. mgr. 2. gr.	i-liður e-liðar 1. mgr. 2. gr.
b-liður D-liðar 1. mgr. 2. gr.	ii-liður e-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður D-liðar 1. mgr. 2. gr.	iii-liður e-liðar 1. mgr. 2. gr.
d-liður D-liðar 1. mgr. 2. gr.	iv-liður e-liðar 1. mgr. 2. gr.
a-liður E-liðar 1. mgr. 2. gr.	i-liður f-liðar 1. mgr. 2. gr.
b-liður E-liðar 1. mgr. 2. gr.	ii-liður f-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður E-liðar 1. mgr. 2. gr.	iii-liður f-liðar 1. mgr. 2. gr.
a-liður F-liðar 1. mgr. 2. gr.	i-liður g-liðar 1. mgr. 2. gr.
b-liður F-liðar 1. mgr. 2. gr.	ii-liður g-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður F-liðar 1. mgr. 2. gr.	iii-liður g-liðar 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. a í 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
b-liður 1. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. til 8. gr.	3. til 8. gr.
9. gr.	—
10. gr.	9. gr.
11. gr.	10. gr.
12. gr.	11. gr.
13. gr.	12. gr.
13. gr. a	13. gr.
14. gr.	14. gr.
1. mgr. 15. gr.	1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
3. mgr. 15. gr.	—
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 16. gr.	2. mgr. 16. gr.
3. til 5. mgr. 16. gr.	—
17. til 19. gr.	17. til 19. gr.
1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 20. gr.
a-liður 1. mgr. 20. gr.	2. mgr. 20. gr.
2. mgr. 20. gr.	3. mgr. 20. gr.
3. mgr. 20. gr.	4. mgr. 20. gr.

Tilskipun 70/458/EBE	Þessi tilskipun
5. mgr. 20. gr.	—
20. gr. a	21. gr.
21. gr.	22. gr.
21. gr. a	23. gr.
22. gr.	24. gr.
23. gr.	25. gr.
24. gr.	26. gr.
25. gr.	27. gr.
1. mgr. 26. gr.	1. mgr. 28. gr.
a-liður 1. mgr. 26. gr.	2. mgr. 28. gr.
b-liður 1. mgr. 26. gr.	3. mgr. 28. gr.
1. til 3. undirgrein 2. mgr. 26. gr.	1. til 3. undirgrein 4. mgr. 28. gr.
2. til 4. mgr. 26. gr.	—
27. gr.	29. gr.
28. gr.	30. gr.
28. gr. a	31. gr.
29. gr.	32. gr.
29. gr. a	33. gr.
30. gr.	34. gr.
30. gr. a	35. gr.
31. gr.	36. gr.
1. mgr. 32. gr.	1. mgr. 37. gr.
3. mgr. 32. gr.	2. mgr. 37. gr.
33. gr.	38. gr.
35. gr.	39. gr.
36. gr.	40. gr.
37. gr.	41. gr.
38. gr.	42. gr.
39. gr.	43. gr.
1. og 2. mgr. 39. gr. a	1. og 2. mgr. 44. gr.
i-liður 3. mgr. 39. gr. a	a-liður 3. mgr. 44. gr.
ii-liður 3. mgr. 39. gr. a	b-liður 3. mgr. 44. gr.
40. gr. b	45. gr.
40. gr.	1., 2. og 4. mgr. 46. gr.
40. gr. a	1., 3. og 4. mgr. 46. gr.
41. gr.	47. gr.
1. mgr. 41. gr. a	1. mgr. 48. gr.
i-liður 2. mgr. 41. gr. a	a-liður 2. mgr. 48. gr.
ii-liður 2. mgr. 41. gr. a	b-liður 2. mgr. 48. gr.
42. gr.	49. gr.
—	50. gr. ⁽¹⁾
—	51. gr.
—	52. gr.
—	53. gr.

Tilskipun 70/458/EBE	Bessi tilskipun
1. liður I. VIÐAUKA	1. liður I. VIÐAUKA
2. liður I. VIÐAUKA	2. liður I. VIÐAUKA
3. liður I. VIÐAUKA	3. liður I. VIÐAUKA
A-liður 4. liðar I. VIÐAUKA	A-liður 4. liðar I. VIÐAUKA
a-liður A-liðar 4. liðar I. VIÐAUKA	B-liður 4. liðar I. VIÐAUKA
b-liður A-liðar 4. liðar I. VIÐAUKA	C-liður 4. liðar I. VIÐAUKA
B-liður 4. liðar I. VIÐAUKA	D-liður 4. liðar I. VIÐAUKA
5. liður I. VIÐAUKA	5. liður I. VIÐAUKA
II. VIÐAUKI	II. VIÐAUKI
III. VIÐAUKI	III. VIÐAUKI
1. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	1. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
2. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	2. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
3. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	3. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
4. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	4. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
5. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	5. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
6. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	6. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
7. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	7. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
8. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	8. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
9. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	9. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
10. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	10. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
a-liður 10. liðar a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	11. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
11. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA	12. liður a-liðar A-hluta IV. VIÐAUKA
b-liður A-hluta IV. VIÐAUKA	b-liður A-hluta IV. VIÐAUKA
B-hluti IV. VIÐAUKA	B. hluti IV. VIÐAUKA
V. VIÐAUKI	V. VIÐAUKI
—	VI. VIÐAUKI
—	VII. VIÐAUKI

(¹) 2. mgr. 9. gr. í 98/95/EB og 2. mgr. 8. gr. í 98/96/EB.